

STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir hreinsistöð og fráveitu sveitarfélagsins Húnabyggðar, á Blönduósi fyrir allt að 9.900 p.e.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir fráveitukerfi sveitarfélagsins Húnabyggðar á Blönduósi þ.m.t. skólphreinsistöðina, rotþrær, rotþrær með undanþágu og fráveitulagnir sveitarfélagsins.	550/2018 5. gr.
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja, jafnframt dregið úr kröfum sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum þessum.	550/2018 6. gr.
1.3	<p>Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir viðunandi hreinsun í skólphreinstöð staðsettri að Ægisbraut 14, Blönduósi. Hreinsistöðin tekur við skólpi frá þéttbýlinu Blönduósbæ austan Blöndu. Í stöðinni fer fram síun fráveituvatns með 3 mm möskvastærð, botnfelling á föstum efnum og fitufleyting. Að lokinni hreinsun er skólpmatninu dælt um útrásarlögn í sjó. Starfsleyfisskilyrðin gilda jafnframt um fráveitukerfið sem er að hluta til blandað þannig að ofanvatn og skólpi er leitt í sömu lögn í götu. Verði innrennsli skóps of mikið eða bilun í hreinsistöðinni rennur skólpi til baka og yfir í neyðarútrás í sjó. Yfirfallslagnir eru einnig í dælubrunnum á svæðinu sem virkjast ef frárennsli frá brunnum er ekki nægilegt miðað við innrennsli.</p> <p>Staðsetning dælubrunna, dælustöðva og útrása: Meginútrás, útrásarendi Hreinsi- og dælustöð að Ægisbraut 14 Dælubrunnur við SAH-afurðir Húnabraut 37-39</p>	550/2018 5.. gr

<p>1.4 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.</p> <p>Rekstraraðila er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur skólphreinsivirkis er stöðvaður tímabundið eða ef um er að ræða varanlega rekstrarstöðvun. Í því skyni skal útbúa áætlun um rekstrarstöðvun þar sem fjallað er um verklag sem miðar að því að lágmarka hugsanleg umhverfisáhrif vegna rekstrarstöðvunar. Tilkynna skal eftirlitsaðila um það ef starfsemi hefs að nýju hafi starfsemi legið niðri,</p>	550/2018 13. gr.
<p>1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað</p> <p>Eintak af skilyrðum þessum og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.</p>	Lög 55/2012 550/2018 6. gr.

2. STARFSHÆTTIR, ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐAMÖRK

<p>2.1 Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum eða eftir atvikum bestu fánlegu tækni (BAT) sé hún tiltæk, og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið. Rekstraraðila skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.</p>	550/2018 8. Gr. 737/2003 16. og 18. Gr. 935/2018, 2. gr.
<p>2.2 Rekstraraðila er skylt að sjá til þess að á athafnasvæði hreinsivirkis og annarra mannvirkja fráveitu, sé gætt fyllsta hreinlætis og að lóð/svæði sé haldið snyrtilegu. Geymsla og upppsöfnun á úrgangi og öðru því sem ekki tilheyrir starfseminni á athafnasvæði er óheimil. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingum eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Þess skal gætt eins og unnt er að meindýr og vargflugl komist ekki í æti frá hreinsistöðinni.</p>	112/2012 550/2018
<p>2.3 Ef eftirlit leiðir í ljós að vatnshlot sem skólp er losað í uppfyllir ekki lög og reglur, skal heilbrigðiseftirlit gera rekstraraðila viðvart og skal grípa til úrbóta ef ástand vatnshlots hrakar eða ef það uppfyllir ekki umhverfismarkmið sveitarfélagsins. Komi til þess skal rekstraraðili koma á umhverfissvöktun. Til að fylgjast með áhrifum í viðtaka skal rekstraraðili vinna eftir vöktunaráætlun sem hefur hlotið samþykki heilbrigðiseftirlitsins. Almennigur hefur rétt á upplýsingum um</p>	36/2011 798/1999 m.a. gr. 4.2

niðurstöður mengunareftirlits hjá eftirlitsaðila og eru þær gerðar opinberar á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.	
---	--

3. MENGUNARVARNIR

<p>3.1 Hreinsivirki skal uppfylla kröfur um losunarmörk. Safnræsi og annar búnaður til meðferðar á skólpi skal vera þéttur svo ekki leki vatn inn eða skólp út. Hreinsivirki fráveitu skal vera í samræmi við eðli og umfang skólpsins sem hreinsa á. Fráveitukerfi í nýjum hverfum skal hannað með tvöföldu kerfi þannig að ofanvatnið verði aðskilið frá skólpinu og leitt í sér lagnir sem eru leiddar í viðtaka með blágrænum ofanvatnslausnum þar sem því verður við komið og ekki er þörf á sérstakri hreinsun á ofanvatni.</p>	<p>550/2018 52. gr. 798/1999 5. gr. og 9. gr</p>
<p>3.2 Tanka, ker og ílát sem úrgangi er safnað í skal tæma reglulega og eftir þörfum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi. Aðkoma til tæmingar eða söfnunar úrgangs skal vera fullnægjandi að mati eftirlitsaðila. Úrgang skal flytja í móttökustöð sem hefur til þess starfsleyfi eða til endurnýtingar.</p>	<p>55/2003 799/1999 7/1998 fylgiskja IV</p>
<p>3.3 Tryggja skal að starfsemin valdi fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna efna- og sóttmengunar. Efna- og sóttmengun skal heldur ekki verða við meðhöndlun, flutnings og förgun úrgangs frá fráveitunni eða hreinsistöðinni. Leitast skal við að halda lyktarmengun frá starfseminni við meðhöndlun, flutning og förgun úrgangs í lágmarki.</p>	<p>798/1999</p>
<p>3.4 Hávaði sem berst frá stöðinni skal ekki vera meiri en kveðið er á um í viðauka reglugerðarinnar 3. tölulíð og skal þess jafnframt gætt eins og unnt er að hávaði frá starfseminni valdi ekki ónæði, s.s. vegna titrings eða högghljóða.</p>	<p>724/2008</p>

4. INNRA EFTIRLIT

<p>4.1 Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og umhverfis- og rekstrarþáttum sem valda mengun eða losun efna út í umhverfið. Halda skal eftirlitsdagbækur þar sem skráð eru atriði er varða fyrirkomulag og eftirlit með hreinsivirki hreinsistöðvar og rotþróm, þ.m.t. reglugbundnar tæmingar og viðhald. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu þær vera teknar saman í árlegri skýrslu sem send er heilbrigðiseftirlitinu til upplýsinga. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila skýrslu um umhverfissvöktun og innra eftirlit samkvæmt greinum 4.1-4.3 fyrir 15. mars ár hvert vegna ársins á undan ásamt mæliniðurstöðum skv. grein 4.1. Eftirlitsaðili getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum óski rekstraraðili þess.</p> <ol style="list-style-type: none"> a. Niðurstöður mælinga í hreinsivirki þ.m.t. rennsli á hreinsuðu skólpi sem og þann tíma sem skólp flæðir á yfirfalli samanborið við heimild í starfsleyfi. b. Samatekt þar sem koma fram upplýsingar um þann tíma sem skólp flæðir á yfirfalli við dælubrunna samanborið við heimild í starfsleyfi. c. Niðurstöður vöktunar í viðtaka og upplýsingar um frávik skv. vöktunaráætlun og kröfum í starfsleyfi ef við á. d. Magn ristarúrgangs, seyru, sands og fitu/olíu sem hreinsað er úr skólpinu. e. Eftir atvikum förgunarstað seyru, vinnslustað eða landgræðslusvæði. f. Upplýsingar um þjónustuaðila vegna losunar/meðhöndlunar úrgangs og seyru. Skulu kvittanir frá móttökuaðila vera aðgengilegar eftirlitsaðila. g. Óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna ef við á. h. Stöðvanir vegna bilana, viðhalds eða af öðrum ástæðum. Skrá skal m.a. ástæðu stöðvunar, viðbrögð og tímalengd þeirra ásamt afleiðingum fyrir hreinsun, losun í viðtaka eða eftir atvikum notkun neyðar- og yfirfallsútrása. i. Endurnýjun fráveitukerfa og tímasett úrbótaáætlun. j. Upplýsingar um fasteignir sem hafa ekki tengingu við fráveitukerfið og kerfishluta sem eru ekki tengdir við hreinsistöð. Listi með hnitsettum staðsetningum. k. Atriði er varða rekstur stöðvarinnar s.s. hreinsun, viðgerðir og viðhald. <p>Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnað, m.a. síum og skiljum skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg</p>	550/2018
---	----------

<p>útlosun. Eftirlitskerfi skal vera með rekstri hreinsivirkisins sem gefur merki um leið og hreinsun fellur niður eða mannvirkið starfar ekki eins og til er ætlast.</p>	
<p>4.2 Losun fráveituvatns er í vatnshlotið CN1152 (ljósblátt) nr 101 og skv. gerðarlýsingu opið vatnshlot norður. Öll strandsjávvarhlot skulu vera í góðu eða mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Komi í ljós að vatnshlotið uppfyllir ekki umhverfismarkmið sín vegna losunar á skólpi skal rekstraraðili ráðast í aðgerðir við að draga úr álagi á það enda sé unnt að rekja að mengun sé til komin vegna starfsemi rekstraraðila.</p> <p>Rekstraraðili skal vakta helstu gæðabætti í vatnshloti í samræmi við samþykktu vöktunaráætlun í þeim tilgangi að meta álag á umhverfið sem starfsemin veldur og ráðast í úrbætur sé þess þörf.</p> <p>Rekstraraðili skal leggja fram vöktunaráætlun sem gerir ráð fyrir vöktun á gæðabáttum í samræmi við stjórn vatnamála (níturat, fosfat, blaðgræna, hryggleysingar og botnþörungur) og í samræmi við vöktun á viðtaka þar sem eins þreps hreinsun er heimiluð (heildar fosfór, heildar köfnunarefni, súrefnisþörf og uppleyst súrefni), sjá (leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávvar). Rekstraraðili skal jafnframt vakta reglulega gerlamengun. Nárnara fyrirkomulag á gerlamælingum skal koma fram í vöktunaráætlun.</p> <p>Vöktunaráætlun skal vera til fjögurra ára og endurskoðuð að þeim tíma liðnum ef rekstraraðili eða eftirlitsaðili óskar eftir því.</p> <p>Starfsleyfisveitandi yfirfer og samþykkir hana að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.</p>	<p>36 /2011</p>

Endurskoðað 2019, uppfært 20.11.2024

<p>4.3 Til staðar skal vera sýnatökuaðstaða eða staður sem gerir kleift að taka dæmigerð sýni af óhreinsuðu skólpi þar sem það kemur inn í hreinsivirkni, sem og hreinsuðu skólpi þar sem það kemur út úr hreinsivirkinu áður en það er losað í viðtaka. Fyrirkomulag sýnatökuaðstöðu skal tryggja góða blöndun skólpsins sem sýni er tekið af. Þar sem ekki er hægt að koma því við skal blöndun við sýnatöku tryggð á annan hátt, t.d. með hrærara. Sjá Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar, Leiðbeiningar um eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu</p> <p>Hreinsað skólp sem losað er í viðtaka skal standast kröfur sem gerðar eru í reglugerð, komi til þess að reglugerð verði endurskoðuð með strangari kröfun á tímabili starfsleyfis þá gilda þær kröfur.</p> <p>Rekstraraðili skal gera eftirlitsmælingar í hreinsistöð og fylgjast með mælipáttum sbr. eftirfarandi töflu og upplýsa eftirlitsaðila um hreinsgetu stöðvarinnar í samræmi við það.</p> <table border="1" data-bbox="271 918 1177 1220"> <thead> <tr> <th></th> <th>Hreinsunarmarkmið</th> <th>Viðmið við hreinsun</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>BOD₅</td> <td>20%</td> <td>40 mg O₂³ við losun</td> </tr> <tr> <td>Svifagnir</td> <td>50%</td> <td>60 mg SS/k við losun</td> </tr> <tr> <td>Mengunar-efni skv. regl. 796/1999</td> <td></td> <td>Eftir aðstæðum</td> </tr> </tbody> </table>		Hreinsunarmarkmið	Viðmið við hreinsun	BOD ₅	20%	40 mg O ₂ ³ við losun	Svifagnir	50%	60 mg SS/k við losun	Mengunar-efni skv. regl. 796/1999		Eftir aðstæðum	<p>798/1999 og 14. mgr. 3.gr og fylgiskjal 1A</p>
	Hreinsunarmarkmið	Viðmið við hreinsun											
BOD ₅	20%	40 mg O ₂ ³ við losun											
Svifagnir	50%	60 mg SS/k við losun											
Mengunar-efni skv. regl. 796/1999		Eftir aðstæðum											
<p>4.4 Um innra eftirlit, skólpsýnatöku, meðferð og mat á sýnum fer skv reglugerð um mengunarvarnareftirlit.</p>	<p>550/2018 798/1999</p>												
<p>4.5 Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera: Set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir né efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi. Yfirfall er heimilt að nota þegar bilanir eða óviðráðanleg atvik verða sem stöðva skólphreinsunina eða dælingar. Þegar reglulegt viðhald fer fram skal halda hreinsivirkinu eða dælustöð í gangi sé það hægt. Rekstraraðili skal safna og eftir atvikum birta upplýsingar þegar skólp rennur um yfirfall. Verði bilun í rekstri hreinsivirkis sem ætla má að dragi úr getu þess til að taka við og hreinsa skólp skal viðgerð fara fram án tafar. Upplýsingar um notkun yfirfalla eru tekin saman í skýrslu sbr. 4.1.</p>													

5. KOSTNAÐUR

5.1 Rekstraraðili skal greiða kostnað við mælingar og rannsóknir á mengun samkvæmt 4. kafla starfsleyfisskilyrðanna. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og eftirlitsaðili samþykir	550/2018 5. gr.
--	--------------------

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 806/1999 um spillefni, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 796/1998 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr 724/2008 um hávaða..

Starfsleyfi er auglýst á vef heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra www.hnv.is frá 13. janúar -10. febrúar 2025.